

RICHARD WAGNER FÉLAGIÐ Á ÍSLANDI
- RICHARD WAGNER VERBAND - ISLAND -
VESTURGATA 36B · 101 REYKJAVÍK · SÍMI/FAX: 5517292

Reykjavík 16.mars 1996.

Kæru félagar.

Stjórn Richard Wagner félagsins á Íslandi vill minna á þá starfsemi sem fram undan er (sjá bakhlið þessarar síðu). Sérstaklega hvetjum við til góðrar mætingar á málþingið 26. mars, sem Jóhannes Jónasson og Árni Björnsson eiga veg og vanda af að undirbúa og hafa bæði Félag íslenskra fræða og Norræna húsið fengist til samstarfs.

Þær góðu fréttir hafa borist frá RÚV-Sjónvarp, að upptakan af íslensku uppfærslunni af Niflungahringnum á Listahátíð 1994 verði sýnd nú um páskana, og mun 1. þáttur uppsetningarinnar verða sýndur á skírdagskvöld, en síðari þættirnir tveir kvöldið eftir á föstudaginn langa. Það verður því mikil Wagnerveisla á komandi páskum, því stjórnin mun standa við fyrri áform sín um myndbandssýningu á Parsifal á föstudaginn langa kl. 14, enda er stefnt að því að sýning á Parsifal á þessum degi verði árviss viðburður í starfsemi félagsins, en sú hefð er víða við höfð í óperuhúsum erlendis. Séra Hjalti Guðmundsson mun flytja inngangsorð að sýningunni, sem verður með enskum skjátexta.

Með bréfi þessu fylgir fundargerð stofnfundar félagsins. Einnig fylgir bæklingur frá Oslóóperunni um fyrirhugaðar sýningar á öllum 4 óperum Niflungahringins á næstu mánuðum. Jóska óperan í Árósum mun einnig sýna allan Niflungahringinn tvisvar í lok ágúst og byrjun september, en þar munu allir miðar löngu vera uppseldir og yfir 1700 manns á biðlista. Gaman væri í framtíðinni að efna til hópferðar á þessar sýningar nágranna okkar á Hringnum, þótt ekki líki okkur stjórnarmönnum það að frændur okkar Norðmenn skuli ekki viðurkenna hlutdeild Íslendinga í sagnaefninu, þótt þeir gangi að vísu svo langt að segja: "Sagnene er ikke særnorske". !! Stjórnin vonast til að geta tekið saman yfirlit yfir Wagneróperusýningar erlendis í sumar og næsta haust og sent félagsmönnum á komandi vikum.

Með kærri kveðju,

Selma Guðmundsdóttir. formaður.

Dagskrá Richard Wagner félagsins framundan.

Í Norræna húsinu, þriðjudaginn 26.mars kl.20.30:

Málþing í samvinnu við Félag íslenskra fræða og Norræna húsið undir yfirskriftinni:

Richard Wagner og íslensk fornnrit.

Fyrirlesarar:

Arni Björnsson: Fornsagnaáhrif í Þýskalandi fyrir daga Richards Wagner.

Þorsteinn Gylfason: Braglist Wagners.

Jóhannes Jónasson: Í garði Gjúkunga: Lítið eitt um Richard Wagner og Þiðrekssögu.

Fundarstjóri: Guðrún Nordal.

Aðgangur ókeypis.

Í Safnaðarheimili Dómkirkjunnar, föstudaginn langa 5.apríl kl.14.00:

Óperan Parsifal sýnd af myndbandi (laserdisk).
Inngangsorð: Séra Hjalti Guðmundsson, dómkirkjuprestur.

Sýnd verður upptaka frá Metropolitan óperunni í New York sem gerð var árið 1992.(Enskur skjátexti). Hljómsveitarstjóri James Levine. Leikstjóri Otto Schenk. Í helstu hlutverkum: Siegfried Jerusalem, Waltraut Meier, Kurt Moll, Bernd Weikl, Franz Mazura, Jan-Hendrik Rootering.

Aðgangur ókeypis. Kaffiveitingar á kr.200.

Í Íslensku óperunni laugardaginn 21.september kl. 16.00:

Tónleikar bandarísku söngkonunnar Liu Frey-Rabine í samvinnu við Styrktarfélag Íslensku óperunnar.

Sópransöngkonan Lia Frey-Rabine á að baki glæsilegan feril í óperuhúsum víða um heim. Þekktust er hún þó Íslendingum fyrir ógleymanlega frammistöðu sína í hlutverki Brynhildar í íslensku uppfærslunni á Niflungahringnum.

(Dagsetning með fyrirvara um breytingar).